SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR - AÐALSKIPULAG 2004-2016. Sveitarfélagsuppdráttur, láglendi.

Breyting á staðfestu aðalskipulagi. Hvamms- og Holtavirkjun.

Skipulagsskýringar

- Þéttbýli
- Íbúðarsvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Efnistökusvæði / haugsvæði
- Svæði fyrir frístundabyggð
- Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Landbúnaðarsvæði
- Vötn, ár og sjór
- Virkjanalón / skurðir
- Stiflur / garðar
- Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruminjaskrá
- Þjóðminjavarðarsvæði — Varðandi aðrar þekktar fornleifar, sjá viðauka með greinargerð
- Hverfisverndarsvæði, t.d á óbyggð svæði
- Blönduð landnotkun, t.d. Íbúðarsvæði og landbúnaðarsvæði
- Vatnsverndarsvæði, brunnsvæði
- Vatnsverndarsvæði, grannsvæði
- Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði
- Skipulagi frestað
- Sveitarfélagsmörk
- Skipulagssvæði, þéttbýli
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir (aðeins til skýringar)
- Göngustígar
- Reiðstígar
- Raflínur
- Raflínur
- Fjarskiptamannvirki

Aðrar veitur, m.a. hitaveitu og vatnsveitu má sjá á þemakorti 6.

Almennar skýringar

- Hæðarlínur 1:50 000 = 20 metra, 1:10 000 = 5 metra
- Vatn og ár
- Hús / Lögbýli

Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðallinn EC-8 (ENV 1998) ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Samkvæmt þjóðarskjali FS ENV 1998-1-:1994 er Skeiða- og Gnúpverjahreppur á hönnunarhraðasvæðum 0,40 g, 0,30 g, 0,20 g, 0,15 g, og 0,10 g.

Svæði sem breytingin nær til



Staðfest aðalskipulag, með síðari staðfestum breytingum
Staðfest 6. apríl 2006



Breytt aðalskipulag

Umsjón: Landslag ehf. og Milli fjalls og fjöru - skipulagsráðgjafar.
Hnitakerfi: Lambert.
Hnattstaða: ÍSNET 93.
Kortagrunnar:
1:10 000 = Loftmyndir ehf.
1:50 000 = Landmælingar Íslands.
1:100 000 = Landmælingar Íslands.
Breyting unnin af Landslagi ehf í nóv. 2006.

Breyting 30.11.2006
Breytt við afgreiðslu sveitarstjórnar 23.06 2008.
Breytt vegna athugasemda Skipulagsstofnunar 17.11 2008.

Inngangur.

Núgildandi aðalskipulag fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp var staðfest 6. apríl 2006. Gildistími þess er 2004-2016.
Í vinnuferli aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps var gert ráð fyrir virkjun í einu þrepi, Núpsvirkjun ásamt Hagalóni og öðrum mannvirkjum henni tengdum.
Ástæða þess að gert var ráð fyrir virkjun á þessum stað var ósk Landsvirkjunar um slíkt. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps féllst á ósk Landsvirkjunar og gerði því ráð fyrir virkjun, en að stefnt skyldi á að hafa hana í einu þrepi.
Við lokaafgreiðslu skipulagsins var ákveðið að fresta skipulagi á þeim svæðum sem gerðu ráð fyrir Núpsvirkjun (ásamt svæðum sem tóku til tveggja þrepa virkjunar). Ástæða þess var sú að í aðalskipulagi Rangárþings ytra, handan Þjórsár, var gert ráð fyrir virkjun í tveimur þrepum, Hvamms- og Holtavirkjun. Skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 er ekki hægt að staðfesta aðalskipulag ef ósamræmi er milli sveitarfélaga á svæðum þar sem landnotkunin hefur áhrif á bæði sveitarfélögin, eins og þegar um áðurnefnd lón er að ræða. Þess vegna var farin sú leið að fresta skipulagi á þeim svæðum sem hefðu farið undir í virkjun í einu þrepi og einnig í tveggja þrepa virkjun. Á þeim var ljóst að breyta þyrfti staðfestu aðalskipulagi þegar ljóst yrði hvort virkjað yrði í einu þrepi eða tveimur.
Nú hefur Landsvirkjun valið þá tilhögun að virkja í ofangreindum tveimur þrepum, Hvamms- og Holtavirkjun og hefur hreppsnefnd samþykkt að gera breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem þessar virkjanir eru auðkenndar.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. *Inn í aðalskipulagið bætast tvö virkjunarlón (I5) en á þeim svæðum var skipulagi frestað í gildandi aðalskipulagi. Annars vegar er um að ræða Árneslón vegna Holtavirkjunar og hins vegar Hagalón vegna Hvammsvirkjunar. Árneslón er um 6,7 km2 en um helmingur þess er innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Hagalón er um 4,6 km2 en um helmingur þess er innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þá bætast við stíflur og garðar við bæði lónin. Meginhluti lónanna var áður á svæði þar sem skipulagi var frestað en hluti Árneslóns (um 80 ha) fer þó yfir svæði sem áður var skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Ástæða þess er að afmörkun á fyrirhuguðu Árneslóni hefur breyst lítillega frá því að vinnu við aðalskipulag lauk. Þá fær um 58 ha svæði, þar sem skipulagi var áður frestað norðan Hagalóns, skilgreininguna haugsvæði / efnistökusvæði en svæðið verður notað til haugsetningar (E5).*
2. *Skipulagi var frestað þar sem gert var ráð fyrir aðrennslisgöngum Núpsvirkjunar. Um var að ræða göng neðanjarðar og því mun sú landnotkun sem sjá má undir þeirri punktalínu sem gangaleiðin var skilgreind með halda sér, sem er að meginhluta til landbúnaðarsvæði.*
3. *Umhverfis áðurnefnda gangaleið var skipulagi frestað á nokkrum stöðum þar sem gert var ráð fyrir haugsetningu efnis úr aðrennslisgöngum. Þar sem breytingin gerir ráð fyrir að umrædd göng falli burt þá falla áðurnefnd haugsetningarsvæði (skipulagi frestað) út úr skipulaginu. Breytingin gerir því ráð fyrir að undirliggjandi landnotkun muni koma þar sem skipulagi var frestað, tvö svæði merkt landbúnaðarsvæði sem eru 15,2 ha og 9,9 ha og tvö merkt frístundabyggð sem eru 5,0 ha og 6,3 ha. Skipulagi var einnig frestað við enda aðrennslisganga en þar var gert ráð fyrir stöðvarhúsi og frárennslisskurði Núpsvirkjunar. Svæðið er um 5,6 ha og mun eftir breytingu verða skilgreint sem frístundabyggð, líkt og svæðið umhverfis.*
4. *Fyrirhugað setlón sem gert var ráð fyrir við Árnessporð vegna Urriðafossvirkjunar fellur út úr aðalskipulaginu, en lónið var um 116 ha. Þess í stað verða áfram á svæðinu landbúnaðarnot og þjórsá í núverandi árfarvegi. Þá fellur einnig burt um 18,6 ha svæði norðan lónsins þar sem skipulagi var frestað. Þar var gert ráð fyrir haugsvæði en eftir breytingu verður svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Setlón við Árnessporð var hugsað til að draga úr ísmyndun ofan við Heiðarlón og koma í veg fyrir að rekis bærist inn í lónið, sérstaklega ef Urriðafossvirkjun hefði verið reist á undan Núpsvirkjun. Með því að fallið er frá Núpsvirkjun og tvær minni virkjanir verða reistar í hennar stað, og auk þess á sama tíma og Urriðafossvirkjun, er engin þörf talin vera á sérstöku lokuvirki við Árnessporð.*
5. *Gert er ráð fyrir fjórum nýjum efnistökusvæðum í aðalskipulagsbreytingunni. Eitt þeirra er ekki skilgreint á breyttum aðalskipulagsuppdrætti þar sem svæðið mun fara undir fyrirhugað Hagalón en það er í farvegi Þjórsár við ós Þverár. Gert er ráð fyrir efnistökusvæði við Sandáreyrar (E6) og tveimur efnistökusvæðum við Guðmundareyri neðan Búrfells (E7).*

Við afgreiðslu sveitarstjórnar 23.06 2008 var legu þjóðvegar nr.32 og reiðleiðar ofan Hagalóns breytt lítillega. Eftir þá breytingu verður efnistökusvæði / haugsvæði (E5) norðan þjóðvegar, en ekki sunnan hans eins og áður var gert ráð fyrir.

Sjá jafnframt greinargerð og umhverfisskýrslu, dags. 30.11 2006.
Breytt við afgreiðslu sveitarstjórnar 23.06 2008.
Breytt vegna athugasemda Skipulagsstofnunar 17.11 2008.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 23. júní 2008

Pétur Ingi Haraldsson

Aðlskipulagsbreyting þessi var afgreidd af skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann 18.11.2008

Guðrún Ósk Guðmundsd. Björns Bj. Arnarsson

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra skv. 19 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þann 18. feb. 2011

Svandís Svavarsdóttir

Þórs Bjarnarsdóttir



Yfirlitskort og staðsetning